

Konur í atvinnulífinu

MIDVIKUDAGUR 27. JANÚAR 2021



Dr. Hélène L. Lauzon og Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir leiða rekstur og þróun hjá Primex, sem selur afurðir sínar meðal annars til Asíu, Evrópu og Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

Vísindum og viðskiptum stjórnað af konum

Sigríður V. Vigfúsdóttir og dr. Hélène L. Lauzon, leiða rekstur og þróun líftæknifyrirtækisins Primex á Siglufirði. Fyrirtækið framleiðir kítín og kítósan, trefjaefni úr rækjuskel, og nýtir alla rækjuskel sem til fellur á Íslandi. ChitoCare *beauty*-húðvörur Primex hafa hlotið alþjóðleg verðlaun. ➔2



Staða kvenna í stjórnunarstörfum er sterk hjá Primex. Konur í ábyrgðarstöðum eru hér séð frá vinstri: dr. Hélène L. Lauzon, framkvæmdastjóri R&D, dr. Katerina Bilkovicova, yfirmaður rannsóknastofu, Sigríður V. Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigurbjörg Gunnólfssdóttir, aðalþóttari og Guðný H. Kristjánsdóttir, gæðastjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AÐUNN NIELSSON

Framhald af forsiðu →

Primex ehf. á Siglufirði framleiðir lífvirka efnið kítósan úr rækjuskel og er það meðal annars notað víða um heim sem fæðubótarefni en einnig í sáragrisjum til að stöðva blæðingu og meðhöndla sár.

„Framleiðsla Primex á kítósan er vottuð náttúruleg og hefur undanfarin tuttugu ár verið eftirsótt efni til ýmissa nota, meðal annars í fæðubótarefni, lyf, snyrtivörur og sárameðferðarefni. Fyrir rúmu ári setti Primex sín fyrstu lækningatæki á markað héraðs, ChitoCare græðandi gel og sprej, ætluð til meðferðar á ýmsum húðvandamálum og örum. Í kjölfarið höfum við þróað húðvörulínuna ChitoCare beauty,“ upplýsir Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Primex.

Hvað er kítósan og hvernig virkar það?

Kítósan er öruggt náttúrulegt trefjaefni, það er lífvirk fjölliða sem hefur margþætta eiginleika með ótal möguleikum.

„Kítósan er algjört undur úr hafinu. Það ver húðina og dregur úr roða og ertingu með sínum kælandi áhrifum,“ útskýrir Hélène L. Lauzon, framkvæmdastjóri rannsóknna og þróunar, um kítósan, sem í formi gels eða úða hjálpar húðinni að græða sjálfa sig.

„Kítósan samanstendur af aminósýkrum sem finnast náttúrulega í líkamanum og hefur þannig góðan lífsamrymanleika. Kítósan líkist sellulósa og veitir stuðning, en það verður jákvætt hlaðið í súru umhverfi. Þessi eiginleiki leiðir til þess að kítósan myndar filmu sem binst við húðina sem þarfnast verndar, og veitir rétt skilyrði til að viðhalda raka og efla náttúrulegt viðgerðarferli húðarinnar. Áhrifunum má jafnframt lýsa sem svo að



www.ChitoCare.is

verndandi filmu kítósans dregur úr sýkingum, blæðingu, sviða og örmyndun. Hún sefar einkenni húðarinnar, veitir stuðning og stuðlar þannig að því að húð og sár grói á náttúrulegan hátt.“

Gull fyrir ChitoCare beauty

Primex hlaut Nýsköpunarverðlaun Íslands árið 2012 og hefur síðastliðinn áratug þróað ýmsar vörur úr kítósani.

„Markmið okkar er að minnka sóun og auka verðmæti sjávarfangs, en um leið að bjóða upp á neytendavörur sem auka lífsgæði og vellíðan. Eftirspurn eftir náttúrulegum vörum hefur aukist gífurlega á undanförunum árum og neytendur leita gjarnan eftir slíkum lausnum, hvort sem þá vantar heilsu-, húð- eða sáravörur. Allt fæst það úr kítósani sem er algjört undraefni,“ segir Sigríður.

Þróun hjá Primex hefur leitt til nýs verðlaunahúðvörumerkis: ChitoCare beauty.

„ChitoCare beauty-húðvörurnar hafa slegið í gegn á ótrúlega stuttum tíma en fyrstu vörurnar voru settar á markað fyrir aðeins tveimur árum. Þær hafa tekið þátt í alþjóðlegum samkeppnum og borið sigurorð af hundruðum annarra húðvörumerkja,“ upplýsir Sigríður.

ChitoCare beauty hlaut meðal annars gull- og bronsverðlaun á Global MakeUp Awards.

„Andlitskremið Face Cream fékk gullverðlaun sem besta rakakremið, Body Scrub sem besta líkamsvaran og Serum Mask sem besti andlitsmaskinn. Auk þess hafa þessar og aðrar vörur í ChitoCare beauty-línunni hlotið bronsverðlaun og aðrar tilnefningar. Þetta er frábær árangur eftir stuttan tíma á

markaði og undirstrikar einstaka virkni kítósans sem framleitt er hjá Primex.“

Primex framleiðir einnig fæðubótarefnið LipoSan, sem eru náttúrulegar trefjar.

„LipoSan getur bætt meltingu og þarmaflöru, auk þess að stuðla að þyngdarstjórnun og viðhalda eðlilegu kólesteróli í blóði. Þá hafa rannsóknir á kítósani sýnt fram á lækun blóðsykurs,“ útskýrir Sigríður. „LipoSan seljum við í miklum mæli til annarra framleiðanda, eins og Now Foods og fleiri fæðubótarra.“

Minnkar þrálát sár og ör

Nýlega lauk Primex rannsókn á virkni kítósan-gels við meðferð þrálátra sykursýkisára. „Um var að ræða tvíblindu, slembiraðaða samanburðarrannsókn með lyfleysu, sem fór fram í tveimur ESB-rikjum með þátttöku fimm stofnana. Niðurstöður staðfesta að lækningatæki framleidd hjá Primex græði þrálát sár sykursýkisjúklinga hraðar, með því að minnka sárin með marktækum mun eftir sex vikna meðferð,“ upplýsir Hélène.

Á tíundu viku meðferðarinnar höfðu þrálátu sárin minnkað um 76 prósent, samanborið við 21 prósent hjá lyfleysuhópnum.

„Taka skal fram að meðalaldur sára á meðal þátttakenda voru níttján mánuðir, það er að segja, frá fjögurra vikna til níu ára gamalla sára, sem þýðir að mjög erfið og þrálát sár urðu fyrir valinu. Einnig kom í ljós að strax í annarri viku meðferðarinnar var ástand sára orðið marktækt betra hjá þeim sem meðhöndluð voru með kítósan-gelinu,“ segir Hélène.

Önnur rannsókn sköðaði áhrif ChitoCare-græðandi gels á þriggja mánaða til þriggja ára gömul ör eftir skurðaðgerðir.

„Þátttakendur báru á sig gelið tvisvar á dag í þrjá mánuði og það sýndi sig svo greinilega að örin

breyttust og minnkuðu, bæði að umfangi og dýpt í húðinni,“ segir Hélène.

Áhrif rannsóknanna

Niðurstöður rannsókna eru jákvæðar og færa enn skýrari sönnun á öflugri virkni kítósanvara sem Primex hefur þróað undanfarin ár og mun markaðssetja sem sáragel og sáraúða undir merkinu ChitoCare medical.

„Primex hyggst á næstu mánuðum kynna og selja á heimsmarkaði þessar undraverðu vörur sem eru einfaldar í notkun og þarfnast enngar sérfræðikunnáttu, en geta minnkað eða læknað bráð eða þrálát sár af ýmsu tagi. Það þýðir að notendur geta brugðist hratt og örugglega við með því að nota sáragel eða sárasprey um leið og sár myndast. Einnig er hægt að nota kítósan-gel og sprej í forvarnarskyni til að styrkja húðina. Slík meðferð færir algjörlega nýja vidd inn í lækningaheiminn í dag og mun stuðla að einfaldari meðhöndlun sára, og skjótari lækningu eða bata með tilheyrandi sparnaði fyrir notendur og heilbrigðiskerfið, ásamt auknum lífsgæðum og vellíðan,“ segir Sigríður.

Primex styður við bakið á Brakkasamtökunum, samtökum fólks með BRCA-arfberann.

„Við erum stolt af því að styðja við fólk með BRCA-arfberann sem hefur sérstaka hættu á að fá krabbamein og fer í erfiðar aðgerðir til að koma í veg fyrir það með því að láta fjarlægja leg og brjóst. Þessar aðgerðir skilja oft eftir sig ljót ör. ChitoCare græðandi gel og sprej hafa reynst vel til meðhöndlunar á örum og við erum stolt af því að geta hjálpað,“ segir Sigríður að lokum.

Primex er á Óskarsgötu 7 á Siglufirði. Allar nánari upplýsingar á primex.is & www.chitocare.is